



Alþingi
Erindi nr. P 139/831
komudagur 8.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 08.12.2010

1012019SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 301. mál

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags. 7. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp og veittur umsagnarfrestur til 10. desember nk. Þær breytingar sem felast í frumvarpinu eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu lögð til breytingar á 6. gr. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem hafa það að markmiði að gefa starfsmönnum sem eru félagar í SFR, en gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 vegna tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, kost á því að vera áfram í sama stéttarfélagi þótt ekki sé í gildi kjarasamningur milli SFR og sveitarfélaganna. Ljóst er að þessi niðurstaða felur í sér margvíslegt óhagræði fyrir sveitarfélögin en ákvæði frumvarpsins eru hvað þetta varðar í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 23. nóvember sl. og gerir sambandið því ekki athugasemd við efni frumvarpsins hvað þetta varðar.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þó rétt að vekja athygli á skýringum við 1. gr. frv. en þar kemur m.a. fram að SFR hefur lýst sig reiðubúið til samráðs um að samræma launakerfi félagsmanna þess að launakerfi sveitarfélaganna. Þetta felur í sér að unnið verði að því að starfsmatskerfi sem þróað hefur verið á vettvangi sveitarfélaga, til að tryggja að greidd séu sömu laun fyrir sambærileg störf, nái einnig til félagsmanna í SFR. Þessi niðurstaða er mikilvæg fyrir alla aðila enda þjónar starfsmatskerfið ekki síst því hlutverki að stuðla að launajafnrétti meðal starfsmanna sveitarfélaga. Jafnframt telur sambandið rétt að áréttta það sem fram kemur í skýringum við frumvarpsgreinina að kjarasamningsumboð SFR takmarkast við þann hóp starfsmanna sem flyst nú til sveitarfélaga en nýir starfsmenn sveitarfélaga munu ekki geta orðið félagsmenn í SFR.

Í 2. gr. frv. er lagt til að við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna bætist ákvæði sem kveður á um að tilhögun um stéttarfélagasáðild skuli endurskoða samhliða mat á fjárhagslegum forsendum samkomulags um tilfærslu málefna fatlaðra. Í skýringum við þá grein er vísað til þess að fyrirhugaðar eru frekar tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Í greininni er því einkum verið að vísa til þess að ef það verður sameiginleg niðurstaða í slíkum viðræðum að leggja til breytingar á aðkomu stéttarfélaga verði sú tilhögun sem byggt er á í samkomulagi um tilfærsluna og 1. gr. frumvarpsins endurskoðuð. Felst í greininni að slíkt endurmat geti þá orðið



hluti af endurmati á fjárhagslegum forsendum samkomulagsins sem fara á fram árið 2014.

Í öðru lagi er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði breytt og við lögina bætist bráðabirgðaákvæði sem heimilast starfsmönnum sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og flytjast til sveitarfélaga skuli eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu meðan þeir gegna þar störfum. Jafnframt er tekið fram að sveitarfélögin taki á sig skuldbindingar launagreiðanda frá aðilaskiptum en ríkissjóður fram að þeim tíma. Þetta frumvarpsákvæði er í samræmi við 9. gr. samkomulags um tilfærsluna.

Með vísan til framangreindra athugasemda og skýringa gerir sambandið ekki athugasemd við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri